

Fjölmenning

Skólaárið 2016-2017 hófst fræðsluáhersla um fjölmenning og nám í grunnskólum. Eftir því sem þeirri vinnu vindur fram mun efni hér í veftrénu bætast við.

- Vinnustofa 21. nóvember 2016.
- Ráðstefna 10. mars 2017.

Umrædd fræðsluáhersla byggir á samstarfi sveitarfélaganna innan SSH um fjölmenningu sem hefur þessar áherslur eða meginstef:

- Að efla **hæfni grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu til að sinna fjölbreyttum nemendahópi út frá sjónarmiðum fjölmenningar**, þ.e. á forsendum fjölbreytni, tví- /fjöltyngi og menningarmun.
- Að leita sem víðast **samráðs og afla þekkingar úr alþjóðlegu og evrópsku skólakerfi** sem geti nýst í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins á sviði fjölmenningarlegrar kennslu.
- Að efla **samstarf innan sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins við að dýpka fagvinnu** á sviði fjölmenningar sem komi grunnskólastarfi og kennurum til góða.
- Að auka **sameiginlega fræðslu og leiðbeiningar** til kennara um fjölmenningu í grunnskólastarfi.